

Nd.

571. Nefndarálit

[148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar á nokkrum fundum.

Með lögum nr. 7 frá 1963 var gagngerð formbreyting gerð á tollskránni, en engar verulegar breytingar á heildarfjárhæð tolla. Tollar voru jafnaðir þannig, að þeir hæstu voru nokkuð lækkaðir, en lægri tollar hækkaðir á móti.

Þó var sú breyting gerð, að bráðabirgðasöluskattur í innflutningi, sem innheimtur hafði verið nokkur undanfarin ár, var felldur inn í hinn nýja verðtoll og þar með gerður varanlegur. Þannig hefur tollheimta til ríkissjóðs farið ört vaxandi á undanförunum árum og er nú meiri en nokkru sinni fyrr.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, felur ekki í sér neina stefnubreytingu varðandi tollheimtuna, heldur er hér fyrst og fremst um tæknilega leiðréttingu að ræða á þeim ágöllum, sem í ljós hafa komið á tollskrá þeirri, er samþykkt var á síðasta Alþingi, og enn fremur leiðréttingar á ósamræmi. Þessar breytingar munu flestar til bóta, svo langt sem þær ná, en hafa mjög óveruleg áhrif á heildartollheimtuna.

Minni hluti fjárhagsnefndar efri deildar (KK og HB) leitaðist við að fá fram nokkrar leiðréttingar á tollheimtunni með því að bera fram ýmsar tillögur til úrbóta. er aðallega stefndu að tvennu: Annars vegar að lækka toll af vélum og tækjum til framleiðsluatvinnuveganna almennt í 4%, en yfirleitt er innheimtur 35% tollur af vörum þessum nú. Hins vegar að lækka toll af rafknúnum heimilis-tækjum úr 80% í 50%, og er það sama breyting og frv. gerir ráð fyrir að því er lýtur að varahlutum í þessi tæki. Enda þótt gild rök væru færð að nauðsyn þessara breytinga, voru tillögurnar allar felldar, og virðist minni hl. því þýðingarlaust að bera þær fram á ný í neðri deild.

Minni hl. vill þó freista þess að taka upp þá breytingartillögu minni hl. fjárhagsnefndar efri deildar, að ríkissjóður endurgreiði húsbyggjendum aðflutningsgjöld, sem nema 110 kr. pr. rúmmetra í allt að 360 m³ íbúð. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fátt hefur meiri áhrif á framfærslukostnaðinn í landinu en hár húsnaðiskostnaður og að ástandið í húsbyggingarmálunum er nú þannig, að óhjákvæmilega verða róttækar úrbætur til að koma. Gert er ráð fyrir, að sú lagfæring, sem með þessu móti fengist, nemi að meðaltali á íbúð um 35000 kr. og sé nálega þrír fjórðu hlutar tollgreiðslna af efni til íbúðarinnar.

Þá flytur minni hl. breytingartillögu um, að heimilað verði að endurgreiða innflutningstolla af jarðýtum og skurðgröfum til ræktunarsambanda. Er á þann hátt komið til móts við óskir fulltrúafundar ræktunarsambanda, sem haldinn var í Reykjavík 12. og 13. febrúar s. l., en ályktanir fundarins hafa verið sendar Alþingi.

Minni hl. telur, að óhjákvæmilegt sé, að meiri háttar lagfæringar verði gerðar á tollskránni, er miði að því að draga úr hinni óhæfilegu tollheimtu, einkum á framleiðsluatvinnuvegina, og til leiðréttingar misræmis, þótt ekki séu fluttar um það breytingartillögu nú, af ástæðum, sem að framan greinir.

Það er því tillaga minni hl., að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1964.

Einar Ágústsson, Skúli Guðmundsson.
frsm.